

342. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 27. september 2023, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Stefanía Hákonardóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Guðni Sighvatsson, Anna Greta Ólafsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hildur Hálfðanardóttir, Jón Forni Snæbjörnsson og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fundargerð skipulagsnefndar - 2301013

265. fundur haldinn 13.09.2023. Afgreiða þarf sérstaklega liði nr. 6 til 14.

-liður 6, Skipholt 6, L205379; Gisting; Fyrirspurn - 2309007

Lögð er fram fyrirspurn frá Sindra Ólafssyni er varðar hugsanlega uppbyggingu á lóð Skipholts 6 L205379 í landi Kjaransstaða.

Sveitarstjórn telur að umrædd starfsemi sé háð því að skilgreint verði verslunar- og þjónustuvæði á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem tekur til starfseminnar. Berist umsókn um slíka breytingu verður hún tekin til meðferðar.

-liður 7, Skálabrekka-Eystri L224848; Grjótnes- og Hellunesgata, landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag - 2210051

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til landbúnaðarlóða í landi Skálabrekku-Eystri eftir kynningu. Í deiliskipulaginu er gert er ráð fyrir 17 landbúnaðarlóðum á um 75 ha svæði. Stærðir lóða eru frá 30.488 fm til 45.733 fm. Innan lóða er gert ráð fyrir heimild til að reisa eitt íbúðarhús ásamt aukahúsi á lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03. Umsangir bærust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

-liður 8, Fellsendi land L222604; Tvö íbúðarhús og hlaða; Deiliskipulag - 2303062

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Fellsenda lands L222604 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til uppbyggingar á 119,6 ha landi Fellsenda lands þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu tveggja íbúðarhúsa og útihúss. Gert er ráð fyrir uppbyggingu landbúnaðar sem tengist ræktun hunda og hundahaldi auk þess sem áfram verði rekin ferðaþjónustustarfsemi tengd sleðahundum á svæðinu. Umsagnir bærust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum og andsvörum málsaðila.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bærust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

-liður 9, Bryggja spilda L178475; Frístundabyggð og 3MW virkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2308056

Lögð er fram skipulags- og matslýsing sem tekur til skilgreiningar á fristundasvæði og svæðis fyrir 3 MW virkjun í landi Bryggju spildu L178475.

AS
SCS

AS
-AAP
HA
SM
TS
HK
2309

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að afgreiðslu málsins verði frestað. Óskað er eftir að skipulagsfulltrúi og forsvarsmenn Bláskógabyggðar fái kynningu á verkefninu.

-liður 10, Haukadalur 2 L167100; Ferðapjónusta, heit böð, frístundabyggð;
Aðalskipulagsbreyting - 2308057

Lögð er fram beiðni frá Hrönn Greipsdóttur er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna hugsanlegrar uppbyggingu í landi Haukadals 2 L167100. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að afgreiðslu málsins verði frestað. Óskað er eftir að skipulagsfulltrúi og forsvarsmenn Bláskógabyggðar fái kynningu á verkefninu.

-liður 11, Torfastaðir L167176; Landskipti; Fyrirspurn - 2308082

Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar er varðar landskipti jarðarinnar Torfastaða L167176.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í framlagt erindi.

-liður 12, Kjaransstaðir II L200839; Skipholt 6 L205379; Fyrirspurn - 2308089

Lögð er fram fyrirspurn frá Panorama Glass Lodge ehf er varðar hugsanlega uppbyggingu á lóð Skipholts 6 L205379 í landi Kjaransstaða.

Sveitarstjórn telur að umrædd starfsemi sé háð því að skilgreint verði verslunar- og þjónustuvæði á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem tekur til starfseminnar. Berist umsókn um slíka breytingu verður hún tekin til meðferðar.

-liður 13, Sandamýri L223807; Færsla byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - 2308085

Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á deiliskipulagi að Sandamýri L223807. Í breytingunni felst færsla á byggingarreit 2 til austurs á landinu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

-liður 14, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum; Stækkun á VP2, Valhallarstígur Nyrðri 8 úr F í VP, vatnsból á VB3; Breyting á aðalskipulagi - 2309040

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst m.a. breytt lega VP2 vegna áætlana um nýjar þjónustumiðstöðvar innan svæðisins. Skilgreind eru ný vatnsból ásamt vatnsverandarsvæðum. Skilgreint er verslunar- og þjónustuvæði með hringtákn á lóð Valhallarstígs nyrðri 8.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar hvað aðra liði varðar.

2. Fundargerð æskulýðsnefndar - 2301007

12. fundur hadinn 04.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð framkvæmda- og veitunefndar - 2301008

41. fundur haldinn 18.09.2023, afgreiða þarf sérstaklega 4. lið.

-liður 4, viljayfirlýsing vegna kaupa á heitu vatni til uppbyggingar í ferðapjónustu (baðlón, hótél). Framkvæmda- og veitunefnd vísaði til sveitarstjórnar beiðni Norverks ehf um að gerður verði samningur við félagið um kaup á heitu vatni, 24 sekl, vegna baðlóns.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi Norverks ehf og telur að unnt sé að gera samning um allt að 20 sekl. Sveitarstjóra er falið að vinna drög að samkomulagi og leggja fyrir sveitarstjórn.

Nokkur atriði önnur þarfnast yfirferðar, svo sem fráveitumál frá mannvirkjum.

4. Fundargerð afgreiðslufunda byggingarfulltrúa - 2301014

191. fundur haldinn 20.09.2023

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including "AAP", "SH", "S/S", "2310", and "T.K".

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2301018

230. fundur haldinn 11.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

6. Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga - 2301050

13. fundur haldinn 11.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

7. Fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga - 2301020

207. fundur haldinn 13.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu - 2301024

10. fundur haldinn 05.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

9. Fundargerð stjórnar UTU bs - 2301022

102. fundur 13.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2301026

932. fundur haldinn 08.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2301026

933. fundur haldinn 18.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

12. Fundargerðir stjórnar SASS - 2301012

598. fundur haldinn 17.08.2023

599. fundur haldinn 01.09.2023

600. fundur haldinn 18.09.2023

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

13. Starfshópur um greiningu á rýmisþörf leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar - 2204023

3. fundur haldinn 05.09.2023

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

14. Bílastæði við Slakka, Laugarási - 2309027

Beiðni Helga Sveinbjörnssonar, dags. 24.08.2023, f.h. Dýragarðsins Slakka, um úthlutun lands fyrir bílastæði.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að gera drög að samningi um bílastæði við Slakka og leggja fyrir sveitarstjórn.

Handwritten signatures and initials:
b
SK
H.K.

Handwritten signatures and initials:
AAP
S
AH

15. Íbúðir fyrir eldri borgara - 2309003

Erindi Jóns F. Snæbjörnssonar, Þ-lista, um að félagslegar íbúðir fyrir aldraða í Bláskógabyggð verði teknar til umræðu í sveitarstjórn.

Erindi Jóns var lagt fram. Það inniheldur minnispunkta um aðgengi að Torfholti 6, Laugarvatni, þar sem örðugt er að koma við viðeigandi úrbótum á aðgengi að húsnæðinu. Í erindinu er bent á að full ástæða sé til að athuga með kaup á íbúðum í byggingu á Laugarvatni er uppfylli aðgengisskilyrði.

Jón fylgdi erindinu úr hlaði. Umræða varð um málið. Sveitarstjórn samþykkir að kanna möguleika og kostnað við að koma upp rampi að húsunum sem uppfyllir skilyrði um aðgengi.

16. Styrkbeiðni Stígamóta fyrir árið 2024 - 2309013

Beiðni Stígamóta, dags. 30.08.2023, um styrk til rekstrarins vegna ársins 2024.

Lögð var fram beiðni Stígamóta um framlag til starfseminnar fyrir árið 2024. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að styrkja starfsemina.

17. Styrkbeiðni Körfuboltadeildar Hrunamanna - 2309021

Styrkbeiðni körfuboltadeildar Hrunamanna, dags. 14.09.2023, þar sem óskað er eftir styrk til reksturs deildarinnar.

Erindið var lagt fram. Þar er óskað eftir styrk til rekstrarins að fjárhæð 250.000 til 1.000.000 kr. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu og bendir á að UMF Biskupstungna leggur fjármagn til starfseminnar vegna æfinga í Reykholti. Sveitarstjórn hvetur til þess að skoðaður verði sá möguleiki að koma á fót sameiginlegri körfuboltadeild undir merkjum ÍBU.

18. Styrkbeiðni Rauða krossins á Íslandi - 2309025

Bréf Rauða krossins á Íslandi, dags. 05.09.2023, þar sem óskað er eftir styrk til verkefnis sem Rauði krossinn sinnir vegna búsetuúrræðis fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á Laugarvatni. Sótt er um 100.000 til 150.000 kr. styrk.

Erindið var lagt fram. Þar er óskað eftir 100.000 til 150.000 kr styrk til að halda viðburð, veislu, þar sem íbúum Bláskógabyggðar og nærliggjandi sveita yrði boðið í heimsókn, og menning og matur upprunalanda umsækjenda um alþjóðlega vernd sem dvelja á Laugarvatni yrði kynntur.

Sveitarstjórn samþykkir að veita 100.000 kr styrk til verkefnisins. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.

19. Heiðursáskrift að Skógræktarritinu - 2309033

Boð Skógræktarfélags Íslands, dags. 18.09.2023, um að sveitarfélagið kaupi heiðursáskrift að Skógræktarritinu 2023.

Erindið var lagt fram. Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

20. Skógarreitir og græn svæði innan byggðar ályktun - 2309022

Bréf Skógræktarfélags Íslands, dags. 13.09.2023, þar sem fylgt er eftir ályktun aðalfundar um skógarreiti og græn svæði innan byggðar.

Ályktunin var lögð fram, þar eru sveitarfélögin hvött til að huga sérstaklega að verndun og varðveislu skógarreita, trjálanda og grænna svæða innan byggðar og í næsta nágrenni. Sveitarstjórn þakkar erindið.

21. Skólatún 8-10, Laugarvatni, skil á lóð - 2211023

Beiðni BF-verks ehf, dags. 06.09.2023 um skil á lóðinni Skólatúni 8-10, Laugarvatni.

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including "AS", "AAB", "HH", "SFS", "H.K.", and "JFS".

Erindi BF-verks var lagt fram. Sveitarstjórn samþykkir að lóðinni verði skilað og felur sveitarstjóra að láta auglýsa hana lausa til úthlutunar að nýju.

22. Borgarrimi 9, Reykholti, skil á lóð - 2209022

Beiðni BF-verks ehf, dags. 06.09.2023, um skil á lóðinni Borgarrima 9, Reykholti.

Erindi BF-verks var lagt fram. Sveitarstjórn samþykkir að lóðinni verði skilað og felur sveitarstjóra að láta auglýsa hana lausa til úthlutunar að nýju.

23. Málstefna - 2309026

Bréf Innviðaráðuneytisins, dags. 05.09.2023, þar sem sveitarfélög eru hvött til að setja sér málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

Erindið var lagt fram. Þar eru sveitarfélög hvött til að ýta úr vör vinnu við málstefnu og bent á að ekkert sé því í vegi að sveitarfélög taki sig saman um slíka vinnu. Sveitarstjóra er falið að kanna áhuga nágrannasveitarfélaga á að sameinast um málstefnu.

24. Jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna 2023-2027 - 2309008

Jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna fyrir árin 2023-2027

Lögð var fram jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna fyrir Bláskógabyggð sem gildir frá 2023 til 2027. Sveitarstjórn samþykkir áætlunina og felur sveitarstjóra að tilkynna hana til Jafnréttisstofu og að kynna hana fyrir starfsmönnum sveitarfélagsins.

25. Forvarnaverkefni 2022 - 2201037

Endurnýjun tilnefninga í stýrihóp um forvarnastefnu

Sveitarstjórn samþykkir að Guðni Sighvatsson, formaður æskulýðsnefndar, og Gunnar Gunnarsson, verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags/íþróttafulltrúi, sitji í stýrihópi um endurnýjun forvarnastefnu. Sara Rosída Guðmundsdóttir er fulltrúi ungmennaráðs. Skólanefnd mun skipa fulltrúa á næsta fundi. Guðni verði formaður starfshópsins.

26. Skólastefna - 2309028

Tillaga um skipan 3ja aðila til setu í stýrihópi vegna vinnu við skólastefnu fyrir Bláskógabyggð, ásamt beiðni um að tilnefndir verði fulltrúar skólastjórnenda, kennara, foreldra og nemenda.

Sveitarstjórn skipar Áslaugu Öldu Þórarinsdóttur, Önnu Gretu Ólafsdóttur og Sólmund M. Sigurðarson til setu í stýrihópi vegna vinnu við skólastefnu. Sveitarstjórn óskar eftir að skólastjórnendur, kennarar leik- og grunnskóla, foreldrar og nemendur tilnefni einn fulltrúa hver til setu í hópnum.

27. Vefteymi - 2309029

Tillaga Þ-lista um skipan vefteymis

Eftirfarandi tillaga Þ-lista var lögð fram:

Þ-listinn óskar eftir að skipað verði þriggja manna vefteymi er fundar mánaðarlega yfir vetrartímann varðandi heimasíðu / þjónustuvef sveitarfélagsins. Hlutverk vefteymisins verði að ákvarða áherslur við framsetningu vefsins. Kalla eftir hugmyndum og þróa vefinn áfram til að hann nýtist íbúum sveitarfélagsins sem best.

Umræða varð um málið. Sveitarstjórn samþykkir að taka málið upp að nýju eftir að ný heimasíða hefur verið tekin í notkun.

28. Vatnslögn að sumarhúsi í landi Brúar - 1810058

Beiðni Jóns F. Snæbjörnssonar, Þ-lista um umræður um mál er varðar vatnslögn að sumarhúsi í landi Brúar.

Handwritten signatures and initials: *AS*, *AAp*, *SH*, *HH*, *JEL*, *SS*, *H.K.*

Beiðni Jóns um umræður um mál er varðar vatnslögn að sumarhúsi í landi Brúar var lögð fram. Jón fylgdi erindinu úr hlaði. Umræða varð um málið.

29. Kennslukvóti við Tónlistarskóla Árnesinga 2023-2024 - 2309030

Beiðni Tónlistarskóla Árnesinga, dags. 23. september 2023, um aukinn kennslukvóta vegna skólaársins 2023-2024.

Erindið var lagt fram. Þar er óskað eftir að kennslukvóti fyrir skólaárið 2023-2024 verði aukinn um 1,5 klst frá fyrra ári. Kostnaður nemur um 800.000 pr klukkustund. Sveitarstjórn samþykkir erindið og rúmast það innan fjárhagsáætlunar þar sem kvóti vorannar var ekki fullnýttur.

30. Deiliskipulagsbreyting Reykholti - 2309034

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna gömlu Álfaborgar og stækkunar á hóteli að Skólavegi

Lögð var fram tillaga að breytingu á aðal- og deiliskipulagi Reykhólts. Farið var yfir skipulagsskilmála og uppdrátt.

31. Skipurit Bláskógabyggðar, breytingar - 2309035

Tillaga að breytingum á skipuriti sveitarfélagsins

Lögð var fram minnisblað sveitarstjóra sem inniheldur tillögu að skipulagsbreytingum hvað varðar stöður forstöðumanna íþróttamannvirkja í Bláskógabyggð.

Tillagan er eftirfarandi: Lagt er til að samþykkt verði breyting á skipuriti Bláskógabyggðar þannig að stöður beggja forstöðumanna íþróttamiðstöðva verði lagðar niður og í staðinn verði komið á stöðu forstöðumanns íþróttamannvirkja Bláskógabyggðar. Breytingin taki gildi 1. janúar 2024. Báðum núverandi forstöðumönnum verði tilkynnt skipulagsbreytingin og þeim báðum boðið að taka þátt í matsferli vegna ráðningar í hið nýja starf forstöðumanns og þeim sem reynist hæfari verði boðið starfið. Starfið verði því ekki auglýst. Ekki er um grundvallarbreytingu á starfinu eða hæfisskilyrðum að ræða og er í slíkum tilvikum ekki fortakslaus skylda að auglýsa störf til umsóknar skv. nýju skipuriti. Jafnframt verði forstöðumönnum tilkynnt að óski þeir ekki eftir að taka þátt í matsferlinu standi þeim til boða starf sundlaugarvarðar með vaktstjórn, hafi þeir áhuga á slíku starfi. Óski hvorugur núverandi forstöðumanna eftir að koma til greina í hið nýja starf verði það auglýst.

Umræða varð um málið. Tillagan var borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með sex atkvæðum gegn atkvæði Jóns F. Snæbjörnssonar, Þ-lista, og felur sveitarstjórn sveitarstjóra og sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs að annast matsferli vegna ráðningar í hið nýja starf og er þeim heimilt að leita utanaðkomandi sérfræðiráðgjafar.

32. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018

Forsendur fjárhagsáætlunar, til umræðu

Farið var yfir helstu forsendur fyrir fjárhagsáætlun ársins 2024. Sveitarstjóra er falið að vinna áfram að áætlunargerðinni í takt við umræður á fundinum.

33. Móttökuáætlun, vinnuhópur - 2307004

Skipan fulltrúa í starfshóp um gerð móttökuáætlunar

Sveitarstjórn samþykkir að skipa eftirtalda til setu í starfshópi um gerð móttökuáætlunar: Arite Fricke verði aðalmaður og Kamil Lewandowski verði varamaður.

34. Uppgjör vegna riftunar á leigusamningi vegna ungmennabúða UMFÍ - 2309036

Erindi UMFÍ, dags. 20.09.2023 vegna uppgjors í framhaldi af lokun ungmennabúða á Laugarvatni

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "AA", "SM", "HH", "JS", "SK", and "H.K.", along with the number "2314".

Erindið var lagt fram. Sveitarstjórn samþykkir, með vísan til leigusamnings aðila, að gert verði samkomulag við UMFÍ í samræmi við erindið og felur sveitarstjóra að leggja drög fyrir næsta fund.

35. Hverabraut 16-18, Laugarvatni, sala - 2306019

Umræða um framtíð hússins Hverabrautar 16-18, Laugarvatni

Rætt var um framtíð hússins og notkunarmöguleika. Lagt var til að sveitarfélagið selji húsið. Tillagan var samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Þ-lista (JFS og HH). Sveitarstjóra er falið að setja húsið í sölufærli.

36. Þingsályktunartillaga um réttlát græn umskipti, 3. mál. - 2309031

Erindi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 22.09.2023, þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um réttlát græn umskipti, 3. mál.

Umdagnarfrestur er til 6. október nk.

Erindið var lagt fram til kynningar.

37. Aðalskipulagsbreytingar Reykjavíkur 2023 - 2303034

Erindi deildarstjóra aðalskipulags hjá Reykjavíkurborg, dags. 20.9.2023, þar sem verkefnislýsing vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er send til umsagnar. Umsagnarfrestur er til 19. október n.k.

Erindið var lagt fram til kynningar.

38. Rekstrarleyfisumsókn Miðhús 220 5603 - 2309032

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, daga. 08.09.2023, um umsögn um rekstrarleyfisumsókn fyrir gistingu í flokki II, H frístundahús að Miðhúsum fnr. 220 5603. Umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.

Umsagnarbeiðnin var lögð fram. Sveitarstjórn getur ekki veitt jákvæða umsögn um erindið þar sem starfsemin er ekki í samræmi við heimildir aðalskipulags.

39. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2023 - 2309014

Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2022

Sjá <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Sveitarstjornar--og-byggdamal/Jofnunarjodur/utgefid-efni/arsskyrslur/Jol?fnunarsjol> Áður Sveitarfélaga - Ársskýrsla 2022.pdf

Skýrslan var lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 15:50.

Helgi Kjartansson

Helgi Kjartansson

Stefanía Hákonardóttir

Stefanía Hákonardóttir

LR AAB

HH JPS

Sveinn I. Sveinbjörnsson
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Áslaug Alda Þ
Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Guðni Sighvatsson
Guðni Sighvatsson

Hildur Hálfðanardóttir
Hildur Hálfðanardóttir

Jón Forni Snæbjörnsson
Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir
Ásta Stefánsdóttir